

## Athugun á laxa- og fiskalús 29. september 2016

---

Fimmtudag 29. september var farið í athugun og talningu á laxa- og/eða fiskilús á fiskum í kvíum Arctic Sea Farm hf. í Dýrafirði. Athugunin er liður í vottunarferli Artic Sea Farm hf. hjá alþjóðlegu samtökunum ASC (Aquaculture Stewardship Council) sem veita vottun fyrir ábyrgt og sjálfbært fiskeldi. Við framkvæmd athugunarinnar var haft til hliðsjónar leiðbeiningar Matvælastofnunar (Mast, 2014) og farið eftir samningi NV nr.18-15.

Lagt var af stað frá höfninni á Þingeyri kl. 08:00 á bátum Kópanes ÍS. Skipstjóri var Brjnnar Gunnarson og með í för var Bernharður Guðmundsson starfsmaður Arctic Sea Farm hf.. Starfsmaður Náttúrustofu Vestfjarða var Cristian Gallo verkefnastjóri. Veður var með besta móti og vinnuaðstæður því góðar. Komið var í land aftur kl. 10:00.

Hafist var handa við kvíaþyrpingu út af Haukadal en þar eru sex kvíar með regnbogasilungi. Athugaðir voru 10 fiskar úr kví Hb 1 og Hb 6 en 11 fiskar í Hb 5. Niðurstöður athugana má finna í töflu 1. Upplýsingar um fjölda fiska og meðalþyngd þeirra fengust frá Bernharði Guðmundssýni.

Við áttum að taka sýni í kví Hb 3 en eftir langa tilraun var ákveðið að taka sýni í kví Hb 5. Þar sem það er ekki mikill fjöldi fiska í kvínni og hitastig sjávar fer lækkandi virðast fiskarnir dvelja neðarlega í kvínni.

Eins og sjá má í töflunum hér fyrir neðan, fundust 3 laxalýs í kví Hb 1 (1 karllús og 2 hreyfanlegar lýs), 2 laxalýs (1 kynþroska kvenlús og 1 hreyfanleg lús) í kví Hb 5 og 10 laxalýs (4 kynþroska kvenlýs, 3 karllýs og 3 hreyfanlegar lýs) í Hb 6. Nokkrar fiskilýs fundust í öllum kvíum. Eftir að tankinn var skolaður fundust 2 hreyfanlegar laxalýs. Allar laxalýs sem fundust voru teknar til varðveislu eins og flestar fiskilýs. Þessi sýni eru geymd í sýnasafni Náttúrustofu Vestfjarða.

Í töflunni eru karllýs reiknaðir saman með hreyfanlegum lúsum.

Næsta athugun mun fara fram eftir tvær vikur samkvæmt ASC og NV samningi.



**NÁTTÚRUSTOFA  
VESTFJARÐA**

Tafla 1. Athugun á lús á fiskum úr kví Hb 1, Hb 5 og Hb 6 í Haukadál 29. september 2016.

**Kví** Hb 1 **Þyngd** 2,3 kg  
**Sjávarhiti** 9,5 °C **Fjöldi í kví** 145.260

Fiskur nr	F	H	K	Fiskilús	Athugasemdir
1	0	0	0	3	
2	0	1	0	3	
3	0	0	0	0	
4	0	1	0	4	
5	0	0	0	1	
6	0	0	0	2	
7	0	0	0	0	
8	0	1	0	4	
9	0	0	0	2	
10	0	0	0	2	
<b>Samtals</b>	<b>0</b>	<b>3</b>	<b>0</b>	<b>21</b>	

**Kví** Hb 5 **Þyngd** 3,1 kg  
**Sjávarhiti** 9,5°C **Fjöldi í kví** 133.960

Fiskur nr	F	H	K	Fiskilús	Athugasemdir
1	0	0	0	2	
2	0	0	0	2	
3	0	0	1	2	
4	0	0	0	3	
5	0	0	0	2	
6	0	1	0	3	
7	0	0	0	4	
8	0	0	0	2	
9	0	0	0	0	
10	0	0	0	0	
11	0	0	0	1	
<b>Samtals</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>21</b>	



**NÁTTÚRUSTOFA  
VESTFJARÐA**

Kví Hb 6 Þyngd 1,8 kg  
Sjávarhiti 9,5°C Fjöldi í kví 82.320

Fiskur nr	F	H	K	Fiskilús	Athugasemdir
1	0	1	0	5	
2	0	1	1	5	
3	0	0	0	8	
4	0	1	0	8	
5	0	0	1	6	
6	0	0	0	7	
7	0	1	2	9	
8	0	0	0	6	
9	0	2	0	12	
10	0	0	0	4	
<b>Samtals</b>	<b>0</b>	<b>6</b>	<b>4</b>	<b>70</b>	

Minnisblað ritar Cristian Gallo, Bolungarvík, 5. október 2016.

NÁTTÚRUSTOFA  
VESTFJARÐA